



8. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 12. desember 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Reinholdsson (KR), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Val á íþróttamanni og konu ársins 2017

Farið yfir val deilda fyrir íþróttamann/konu ársins sem verður valin/nn 3. janúar 2018 við hátíðlega athöfn í Hlégarði.

Einnig voru aðrar tilnefningar ákveðnar, þ.á.m. Gunillubikarinn, hvataverðlaun, vinnuþjarkur Aftureldingar, starfsbikar UMFÍ og hópþikar UMSK.

2. Fundarhöld eftir áramót

Lagt til að fundað verði örar svo hægt verði að ýta úr vör fleiri verkefnum. Endurskoða þarf lög og stefnur. Formaður sendir fundadagatal á stjórn.

3. Hjóladeild

Ósk hefur borist um að fólk geti hjólað á mótum undir merkjum Aftureldingar og stofnuð yrði sérstök hjóladeild innan Aftureldingar.

Stjórn er jákvæð. Verður rætt frekar eftir áramót.

4. Önnur mál.

Rætt um málefni iðkenda sem missa foreldri. Hingað til hafa deildir tekið á sig eitt ár í iðkendagjöldum viðkomandi einstaklinga.

Ákveðið að framvegis verði sá háttur hafður á að deildir felli niður æfingagjöld fyrsta árs og aðalstjórn sjái um æfingagjöld næsta árs. Hvort sem um ræðir að sótt verði í Minningarsjóð eða úr fjárreiðum aðalstjórnar.

Verður kynnt og rætt á formannafundi.

Fundi slitið kl 19.19
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).